



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík 7. febrúar 2014

150 REYKJAVÍK

1312002SA AGB

Málalykill: 098

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2014-2017, 256. mál.

Ofangreind þingsályktunartillaga barst sambandinu til umsagnar með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, 23. janúar sl.

Almennar athugasemdir.

Í samræmi við stefnumótandi áherslur landsþings sambandsins hefur meginathugasemd sambandsins við byggðaaætlanir ríkisins undanfarin ár lotið að því að endurskoða þurfi stjórnskipulag byggðamála hér á landi og veita sveitarfélögum meira forræði og ábyrgð á uppbyggingu á sínum svæðum. Einnig hefur sambandið bent á að byggðaaætlun þurfi að vera heildstæð fyrir allt landið en taka ekki eingöngu til landsbyggðarinnar eins og núgildandi lagarammi gerir ráð fyrir¹.

Verkefnið um sóknaráætlanir landshluta gaf sveitarfélögum væntingar um að verið væri að stíga skref í þessa átt. Það þarf hins vegar að móta framtíðarsýn fyrir það verkefni og tryggja það betur í sessi, líklegast með lagasetningu. Brýnt er að sem fyrst verði sett af stað vinna við það í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Sambandið hefði viljað sjá beina tillögu þar að lútandi í þingsályktunartillögunni í stað þess að látið sé nægja að vísa í athugasemdum til þess að stefnt verði að því að núverandi sóknaráætlanir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaaætlunar.

Að mati sambandsins er þörf á að móta nýtt og skilvirkara verklag hér á landi um áætlanir um byggða- og atvinnuþróun. Skilgreina þarf hvert eigi að vera markmið og efnissvið slíkra áætlana og verkaskiptingu á milli stjórnsýslustiga og taka mið af reynslu og þekkingu nágrannaþjóða. Almenn byggðastefna, sem mótuð er í samvinnu ríkis og sveitarfélaga, gæti verið grunnur fyrir aðgerðaráætlun sem tengdist sóknaráætlunum landshluta sem væru farvegur fyrir framkvæmd.

Jafnframt þarf að skoða hvort ekki þurfi að horfa lengra fram í tímann við áætlunargerð en til fjögurra ára eins lögin um byggðastofnun gera ráð fyrir. Það er gert í löndunum í kringum okkur og þar er almennt viðurkennt að það sé árangursríkast að færa ákveðna þætti byggðamála heim í hérað. Það sé hlutverk ríkisins að móta stóra rammann fyrir landið í heild en skilgreind svæði eigi að hafa forræði á uppbyggingu á grundvelli svæðisáætlana sem þau setja innan hins stóra ramma.

Önnur megináhersla sambandsins í umsögnum um byggðamál undanfarin ár hefur verið sú að eitt og sama ráðuneyti fari með málefni sveitarstjórnarstigsins og byggðamál vegna þess hversu nátengdir þessir málaflokkar eru. Nú er staðan hins

¹Sbr. 7. og 2. gr. laga um byggðastofnun, nr. 106/1999.

vegar sý að einstökum þáttum byggðamála hefur verið skipt á milli þriggja ráðherra. Augljóslega stuðlar þessi skipan ekki að skilvirkni í byggðamálum. Þetta veikir t.d. stöðu Byggðastofnunar enn frekar. Meginhlutverk stofnunarinnar er skv. lögum um stofnunina að vinna að eflingu byggðar og *atvinnulífs* á landsbyggðinni. Stofnunin heyrir nú undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en iðnaðar- og viðskiptaráðherra fer hins vegar með atvinnu- og nýsköpunarmál. Verkefnið um sóknaráætlanir landshluta heyrir síðan undir innanríkisráðherra.

Athugasemdir við einstaka efnisþætti.

Sambandið hefur gagnrýnt fyrri tillögur að byggðaaætlunum fyrir að vera með of þrönga nálgun. Það er jákvætt að í þessari tillögu er leitast við að veita yfirsýn yfir lykिलþætti fyrir byggðamál í annarri stefnumótun ríkisins og setja fram tillögur um nauðsynlegar viðbótaráðgerðir. Það er þó gert ráð fyrir mjög takmörkuðum fjárveitingum til nýrra aðgerða. Það hefði líka þurft að setja meiri vinnu í undirbúning tillagna og hafa meiri samvinnu við hagsmunaaðila, eins og sveitarfélög.

1.1 Uppbygging öflugs gagnanets.

Öflugt gagnanet á landsbyggðinni er einn mikilvægasta forsenda jákvæðrar byggðaðróunar. Ófullnægjandi fjarskiptasamband er ennþá þröskuldur fyrir framþróun á ákveðnum stöðum á landinu. Uppbygging á þessu sviði er krefjandi og mjög tæknilegt verkefni. Sambandinu er kunnugt um að sveitarfélög, sérstaklega minni sveitarfélög úti á landi, telja sig vanmáttug til að styðja við þessa uppbyggingu og órugg um hvert þeirra hlutverk eigi að vera. Sambandið telur því tillögur um stuðning og upplýsingagjöf þarfar og góðar en dregur í efa að 10 millj.kr. fjárveiting á þremur árum dugi til að standa undir nauðsynlegum aðgerðum. Sambandið leggur áherslu á að samráð verði haft við sveitarfélög við undirbúning aðgerða.

1.2 Orkumál.

Sambandið hefur gefið umsögn² um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (237. mál) sem gerir ráð fyrir að lagt verði svokallað jöfnunargjald á dreifiveitur til að fjármagna að fullu þann jöfnuð dreifikostnaðar í dreifibýli og þéttbýli sem lög nr. 98/2004 heimila. Sambandið telur mikilvægt að munur á kostnaði vegna dreifingar raforku og húshitunar sé jafnaður en tekur ekki afstöðu til þess með hvaða hætti staðið er að fjármögnun þess verkefnis.

1.3 Bættar samgöngur.

Sambandið gerir athugasemd við að ekkert er vikið að almenningssamgöngum í tillögunni. Bættar almenningssamgöngur eru mikilvægt byggðamál. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa lyft grettistaki í að byggja upp betra almenningssamgöngukerfi en hafa mætt ýmsum byrjunarörðugleikum sem vinna þarf að lausn á.

Boðaðar aðgerðir í b lið um átak í vegamálum vegna þarfa ferðaþjónustunnar eru að mati sambandsins mjög mikilvægar.

Vegna tillögu c um uppbyggingu hálendisvega er rétt að benda á að í tillögu að landsskipulagsstefnu er hvatt til varkárni í þeim efnium.

2.2 Stuðningur við einstaklinga.

² Sjá meðfylgjandi bréf, einnig dags. 7. febrúar.

Sambandið telur að sveitarfélög þurfi að hafa aðkomu að mótun boðaðs tilraunaverkefnis, enda geta tillögur um stuðning við einstaklinga haft áhrif á tekjur sveitarfélaga, sbr. hugmyndir sem reifaðar eru í athugasemdum með þessum lið.

3.1 Nýsköpun og vaxtargreinar.

Varðandi d lið um gjaldtöku af ferðamönnum vill sambandið benda á að afstaða þess er sú að sveitarfélög þurfi að eiga tilkall til tekna af ferðamönnum, ef tekin verður upp gjaldtaka, og að þær tekjur eigi ekki aðeins að renna til fjárfestinga heldur líka rekstrarkostnaðar á ferðamannastöðum, s.s. vegna hreinlætismála, viðhalds og til að tryggja gott aðgengi að vetrarlagi. Það er brýn þörf fyrir uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu og fjármagn til framkvæmda er of alltof lítið.

3.3 Dreifing opinberra starfa.

Eðlilega vakna spurningar um hvernig ætlunin sé að framkvæma aðgerðir undir þessum lið til að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, með hliðsjón af þeim miklu hagræðingaradgerðum í ríkisrekstri sem verið er að innleiða. Hliðstæðar spurningar vakna varðandi stuðningsaðgerðir við einstaklinga undir lið 2.2 til að fjölga velmenntuðu fólki á svæðum þar sem fólksfækkun er viðvarandi. Til hvaða mótvægisadgerða verður gripið vegna þess að ríkið er að fækka störfum fyrir menntað fólk úti á landi, t.d. með niðurlagningu sýslumannsembætta?

Það hefur lengi verið áhyggjuefni að á landsbyggðinni eru fábreyttari atvinnutækifæri sem höfða til kvenna og þetta hefur leitt til kynjahalla. Tilfni er til að kanna hvaða áhrif niðurskurðaraðgerðir, svo sem í heilbrigðisþjónustu hafa haft í þessum efnun.

Ein tiltölulega einföld og kostnaðarlítill aðgerð er ekki nefnd. Það er að ríkisstofnanir bjóði upp á möguleika á að starfsmenn, sem kjósa að búa úti á landi, geti sinnt starfi sinni í fjarvinnu.

4.1. Stefnumótun um opinbera þjónustu.

Tillagan gerir ráð fyrir að réttur landsmanna til grunnþjónustu í öllum landshlutum verði skilgreindur á helstu sviðum opinberrar þjónustu, hvort sem ríki eða sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni. Sambandið telur ástæðu til að minna á að sveitarfélögum er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum sem starfa í mikilli nálægð við íbúa sína og sveitarfélögum er tryggt ákveðið sjálfsforræði í stjórnskrá. Þau eiga hvert fyrir sig að hafa svigrúm til að laga þjónustu sína að staðbundnum aðstæðum innan ramma laga. Að þessu leyti er eðlismunur á þjónustu ríkis og sveitarfélaga þar sem ríkinu er skylt að veita öllum notendum sömu þjónustu. Því leggur sambandið til að tillagan verði einskórðuð við þá þjónustu sem ríkið ber ábyrgð á. Jafnframt bendir sambandið á að til að vinnan hafi raunhæft gildi er nauðsynlegt að viðkomandi ráðuneyti komi að málinu.

4.2 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.

Tillögur undir þessum lið eru í samræmi við stefnumótun sambandsins um að stuðla beri að rannsóknnum í byggðamálum þar sem m.a. verði leitað orsaka neikvæðrar byggðaðþróunar. Sambandið telur einnig nauðsynlegt að styrkja svæðisbundna upplýsingasöfnun, m.a. vegna verkefnisins um sóknaráætlanir landshluta, og leggur til að bætt verði við ákvæði þess efnis undir a lið.

Ekki er vikið að húsnæðismálum í tillögunni en staða þeirra er erfið á ýmsum stöðum á landinu. Sums staðar stendur húsnæðisskortur í vegi fyrir að hægt sé að manna störf. Fólk, sem býr úti á landi, hefur takmarkaðri aðgang að húsnæðislánum. Það

hamlar nýbyggingum og kaupum á húsnæði. Einnig eru dæmi þess að íbúðarhúsnæði standi autt þar sem eigendur vilja ekki selja eða leiga. Sérstaklega á þetta við um húsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið. Æskilegt hefði verið að taka á þessum málum í stefnumótuninni.

Að lokum vill sambandið áréttta með vísun til almennra athugasemda hér að ofan að það bindur vonir við að sem fyrst verði hafin vinna við að endurskoða fyrirkomulag og framkvæmd áætlana um byggða- og atvinnumál hér á landi. Þessi þingsályktunartillaga endurspeglar vel hversu ófullkomin núverandi áætlunargerð er og á hversu veikum grunni hún byggist. Tillagan er unnin af starfsmönnum atvinnuvegaráðuneytisins og sambandið og sveitarfélög hafa haft litla aðkomu að undirbúningi hennar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 7. febrúar 2014

1401059SA PBJ
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku - 237. mál

Vísað er til tölvupósts dags. 23. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Frestur var veittur til 7. febrúar.

Almennt um frumvarpið

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði sú breyting á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku að lagt verði svokallað jöfnunargjald á þá raforku sem fer um dreifikerfi dreifiveitna með það að markmiði að standa undir fullri jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Þar er átt við heimili og fyrirtæki sem fá raforku sína beint frá dreifiveitum. Miðað er við að gjaldið verði lagt á í jöfnum áföngum og tekjur af gjaldinu verði á árinu 913 m. kr. á árinu 2016, þegar gjaldtakan kemur að fullu til framkvæmda. Fram kemur í kaflanum um mat á áhrifum frumvarpsins í almennum athugasemdum við frumvarpið að áhrif hins fyrirhugaða jöfnunargjalds verði þau að meðaltalshækkun raforkureiknings hins almenna notanda í þéttbýli verði um 2,4% eða 150-160 kr. á mánuði miðað við 30 ára á kílóvattstund. Raforkukostnaður í dreifbýli muni hins vegar lækka um 8,3% eða 730-890 kr. á mánuði.

Í lögum nr. 98/2004 segir í 1. gr. að markmið laganna sé að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Sambandið telur mikilvægt að munur á kostnaði vegna dreifingar raforku sé jafnaður en tekur ekki afstöðu til þess með hvaða hætti staðið er að fjármögnun þess verkefnis. Ljóst er að það fjármagn sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2014, 240 m.kr., mun ekki nægja til að ná markmiðum laga nr. 98/2004. Eins og fram kemur í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið þá nægðu 230 m.kr. til fullrar jöfnunar kostnaðar á árinu 2005 en frá þeim tíma hafa gjaldskrár dreifiveitna hækkað umtalsvert, m.a. vegna almennra vísitöluhækkana og er nú gert ráð fyrir að kostnaður við fulla jöfnun sé um 1 ma.kr. samkvæmt áætlunum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Ábendingar og athugasemdir sambandsins

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að jöfnunargjald renni í ríkissjóð. Tekjur af jöfnunargjaldinu munu því ekki teljast til svonefndra markaðra tekna heldur er framlag ákveðið í fjárlögum ár hvert. Í því ljósi leggur sambandið áherslu á að tryggt verði að því fjármagni sem skilar sér í



ríkissjóð vegna jöfnunargjaldsins, verði frumvarp þetta að lögum, verði að öllu leyti varið til verkefnisins.

Sambandið gerir sérstaka athugasemd við að innheimta jöfnunargjalds sé fyrirhuguð í mars 2014 vegna þess árs. Eðlilegra væri að gjaldtaka hefjist ekki fyrr en á árinu 2015 þar sem orkufyrirtæki höfðu eðli málsins samkvæmt ekki möguleika á að gera ráð fyrir þessari gjaldtöku í fjárhagsáætlunum sínum fyrir árið 2014.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs